



**ORKUSTOFNUN**

**Rannsóknir á jarðhita og jarðfræði í nágrenni  
Selfoss 1990**

**Helgi Torfason**

**Greinargerð HeTo-90-02**

## RANNSÓKNIR Á JARÐHITA OG JARÐFRÆÐI Í NÁGRENNI SELFOS 1990

Vorið 1990 voru gerðar athuganir á jarðhita í nágrenni Selfoss. Athuganir þessar voru:

- Hitamælingar í jarðvegi á bökkum Ölfusár, norðan við Ölfusárbrú.
- Hitamælingar í jarðvegi á bökkum Ölfusár, norðan við Selfosskirkju.
- Segulmælingar á bökkum Ölfusár, norðan við Ölfusárbrú.
- Segulmælingar á bökkum Ölfusár, norðan við Selfosskirkju.
- Sýni tekin til efnagreininga af þremur stöðum: Tvö norðan Ölfusárbrúar og eitt norðan við Selfosskirkju (úr steinþró).
- Hitamæling rannsóknarhola innan Selfoss.
- Hitamæling rannsóknarhola á Laugarbökkum.

Úrvinnslu jarðfræðiathugana er ekki lokið, efnagreiningum er hinsvegar lokið en túlkun þeirra ekki. Það sem gera þarf í framhaldi af þeim athugunum sem gerðar hafa verið er borun hitaleitarhola við bakka Ölfusárbrúar. Einnig væri athugandi að reyna að gera viðnámssniðsmælingar (kínámælingar) á bökkum Ölfusár og yfir ána, sem næst þvert á hitann.

Helgi Torfason